

165 *Brjef landshöfðingja til oddvitans í Vestmannaeyjahreppi um skilning á orð-*
 29. desbr. **unum** »fast aðsetur« í lögum 9. ágúst 1889.—Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 9. f. m., hafið þjer, herra hreppsnefndaroddviti, skýrt frá því, að lög nr. 12 frá 9. ágúst 1889, um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi, hafi þegar gefið tilefni til nokkurrar rjettaróvissu; muni það einkum vera orðatiltækið »fast aðsetur«, sem jafnvel lögfræðingar skilji hver á sinn hátt, með því að sumir skýri þessi orð svo, að sá hafi þar fast aðsetur, er hann sje til veru, t. a. m. við smíðar eða sjóróðra í 4 mánuði samfleytt, þótt hann eigi heimili annars staðar á landinu.

Út af þessari rjettaróvissu, sem þjer tjáði eiga sjer stað um þetta efni, hafið þjer, vegna hreppsnefndarinnar í Vestmannaeyjahreppi leitað úrlausnar minnar um málið.

Með skirskotun til þess, sem jeg tók fram við umræðurnar í efri deild um framangreind lög frá 9. ágúst 1889 (sbr. Alþ.tíð. 1889 A. 30., 31. og 33. d.) skal jeg láta þess getið, að jeg hefi hina sömu skoðun um þetta efni, sem jeg ljét í ljósi, að maður geti eigi talizt eiga fast aðsetur í hreppi, þar sem hann leitar sjer bráðabyrgðavinnu nokkurn hluta árs (og það jafnvel þótt dvölin í hreppnum verði lengri en 4 mánuðir), ef hann á heimili annarsstaðar á landinu. Annars heyrir úrlausn þessa atriðis undir dómstólana.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

166 *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um mæling og*
 29. desbr. **skrásetning skipa.** — Þjer hafið, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 6. f. m., meðal annars beiðzt úrlausnar minnar á eptirgreindum fyrirspurnum:

1. Hvort yður beri, áður en þjer afhendið mælingarbrjefin til skipa, 30 tons eða minni, að innsenda skrásetningarskjöl skipa þessara, mælingarskirteini, skrásetningarskirteini o. s. frv.?
2. Hvort yður beri að mæla upp öll hin smærri fiskiskip, enda þótt auðsætt sje, að þau sjeu minni en 12 tons brutto, og hvort slik skip einnig eigi að takast á aukaskrána?
3. Hvort yður sje heimilt að yfirfæra í skrána í Barðastrandarsýslu frá skránum á Ísafirði og Stykkishólmi skip þau, er heima eiga í umdæmi yðar, án þess eigendur skipanna hafi beiðið um það?

Framanrituðum fyrirspurnum skal svarað svo, sem hjer segir:

Um 1. Umrædd skjöl, skrásetningarskirteini, mælingarskirteini o. s. frv. ber að senda hingað til rannsóknar, áður en þau eru afhent eigendum skipanna.

Um 2. Samkvæmt 1. gr. tilskipunar um skipamælingar frá 25. júní 1869, ber að mæla skip og báta, sem eru meira en 12 tons að rúmmáli, og samkvæmt 2. gr. laga nr. 31 frá 13. desbr. 1895 ber að taka á skipaskrá þau skip, sem eiga að vera mæld samkvæmt tilskipuninni um skipamælingar. Ber því að svara þessari fyrirspurn neitandi.

Um 3. Með því að 5. gr. áðurnefndra laga frá 1895 kveður svo á, að **166** hver skipeigandi eigi rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem 29. desbr. hann vill, og það skrásetningarumdæmi skuli álitid heimili skipsins, þá virðist það liggja beint við, að samþykki eiganda þurfi til þess að flytja skip úr einhverju hinna gömlu skrásetningarumdæma í nýtt skrásetningarumdæmi. Ann að mál er það, að heppilegast væri að sem flest skip yrðu nú þegar skrásett í því umdæmi, þar er þau eru gjörð út.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefid til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um 167 sveitfesti þurfalings.—Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amt-30. desbr. maður, dagsett 7. þ. m., um erindi hreppsnefndarinnar í Njarðvíkurhreppi í Kjósar- og Gullbringusýslu þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettu 25. septbr. þ. á., er kveður svo á, að Hjörtur nokkur Guðmundsson skuli teljast sveitlægur í umgetnum hreppi, skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður. Sjerstaklega skal það tekið fram, að það atriði að Hjörtur þessi Guðmundsson, samkvæmt brjefi hreppsnefndarinnar í Njarðvíkurhreppi 25. nóvbr. 1891, við skipting hins forna Vatnsleysustrandarhrepps 1889 virðist talinn meðal þurfamanna þessa hrepps, sýnist ljóslega benda á það, að hann þá hafi verið búinn að þiggja sveitarstyrk.

Úrskurður amtmanns er svolátandi :

»Eptir að hreppsnefndin í Njarðvíkurhreppi hafði áfrýjað til amtsins úrskurði yðar, velborni herra sýslumaður, dags. 18. sept. f. á., sem ákveður, að Hjörtur nokkur Guðmundsson í Grænagarði í Leiru hafi eigi áunnið sjer sveitfesti í Rosmhvalanesshreppi með dvöl sinni þar, og amtið meðtekið með þóknanlegu brjefi yðar, dags. 18. f. m., ýmsar upplýsingar og skýrslur, sem það hafði æstkt eptir, í brjefi sínu til yðar, dags. 2. nóvember f. á., þessu máli viðvíkjandi, er svo látandi úrskurður lagður á þetta mál:

Á árinu 1891 þáði Hjörtur þessi Guðmundsson fátækrastrýrk í dvalarsveit sinni Rosmhvalanesshreppi, og tilkynnti hreppsnefndin þar styrkveitinguna hreppsnefndinni í hinum forna Vatnsleysustrandarhreppi, sem er fæðingarhreppur hans, og sem samkvæmt landshöfðingja-brjefi 21. sept. 1889 er skipt í tvo hreppa, Vatnsleysustrandarhrepp og Njarðvíkurhrepp, en hreppsnefndin í hinum síðarnefnda hreppi, sem skýrir svo frá í brjefi sínu, 25. nóv. 1891, að Hjörtur Guðmundsson hafi fallið í sinn hluta við skiptingu hins forna Vatnsleysustrandarhrepps, sem fram hafi farið 1. okt. 1889, neitaði að endurgjalda hinn veitta fátækrastrýrk, þar sem Hjörtur Guðmundsson væri búinn að dvelja yfir 10 ár í Rosmhvalanesshreppi, án þess að þiggja af sveit. Eptir þeim skýrslum, sem liggja fyrir, er Hjörtur Guðmundsson fæddur 1853 í hinum forna Vatnsleysustrandarhreppi, eins og sagt er að framan, og þá er hann flutti sig á árinu 1880, 27 ára að aldri, í Rosmhvalanesshrepp hinn forna, þar sem hann síðan hefir dvalið, átti hann enn nefndan fæðingarhrepp sinn. Nú er því haldið fram af hreppsnefndinni í Rosmhvalanesshreppi, að Hjörtur hafi orðið fátækrastrýrks þurfandi